

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 157/1959, um vísindasjóð.

### 1. gr.

5. gr. orðist þannig:

Menntamálaráðherra skipar deildarstjórnir til fögurra ára samkvæmt því, sem hér segir:

1. Stjórn raunvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Skal einn tilnefndur af Rannsóknaráði ríkisins, einn af læknadeild Háskóla Íslands, einn af verkfræðideild Háskóla Íslands og einn af fundi fulltrúa frá vísindastofnunum, sem fást við rannsóknir á sviði raunvísinda. Menntamálaráðherra boðar til fundarins, og skal kveðja á fundinn fulltrúa frá þessum aðilum: Náttúrufræðistofnun Íslands, Raunvísindastofnun Háskólans, rannsóknastofu Háskólans í meina- og sýklafræðum, tilraunastöð Háskólans í meinafræði á Keldum, Hafrannsóknastofnuninni, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Rannsóknastofnun iðnaðarins, Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins, Veðurstofu Íslands og jarðhitadeild raforkumálastjórnarinnar. Menntamálaráðherra skipar formann deildarstjórnar án tilnefningar, og skal sá maður vera viðurkenndur vísindamaður í einhverri grein raunvísinda.

2. Stjórn hugvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Er einn tilnefndur af heimspekideild Háskóla Íslands, einn af laga- og viðskiptadeildum Háskóla Íslands í sameiningu, einn af Félagi íslenzkra fræða, enda sé hann kosinn á almennum félagsfundum, og einn af fundi fulltrúa frá vísindastofnunum og félögum, sem fást við rannsóknir á sviði hugvísinda. Menntamálaráðherra boðar til fundarins, og skal kveðja á fundinn fulltrúa frá þessum aðilum: guðfræðideild Háskóla Íslands, Vísindafélagi Íslendinga, enda fáist sá maður við rannsóknir í hugvísindum, Hinu íslenska bókmenntafélagi, Sögufélaginu, Hinu íslenska fornritafélagi, Fornleifafélaginu, Lögmannafélagi Íslands, Hagfræðafélagi Íslands, Félagi íslenzkra sálfræðinga, Handritastofnun Íslands, orðabókarnefnd Háskólans, Þjóðminjasafni, Landsbókasafni og Þjóðskjalasafni. Menntamálaráðherra skipar formann deildarstjórnar án tilnefningar, og skal hann vera viðurkenndur fræðimaður í einhverri grein hugvísinda.

3. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

4. Formaður stjórnar vísindasjóðs stýrir fyrrgreindum fundum, þar sem tilnefndir skulu fulltrúar í deildarstjórnir. Fundir þessir eru lögmætir, ef  $\frac{2}{3}$  boðaðra fundarmanna sækja þá. Afl atkvæða ræður kjöri, en hlutkesti, ef jöfn atkvæði verða. Deildarstjórnir eru ólaunaðar.

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 51 5. júní 1957, um vísindasjóð, öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 20. apríl 1966.*

Gylfi Þ. Gíslason.

*Birgir Thorlacius.*